• Tölvuskólinn þekking. Bókhald og TOK	1
• University of Sussex	1
• Verkmenntaskóli Austurlands	1
• Verkmenntaskólinn á Akureyri	47

Hvernig fékkst þú fyrst upplýsingar um HA – annars staðar hvar?

- Á skrifstofu kennaradeildar.
- Þý á Akureyri og hef alltaf vitað af skólanum.
- Eftir að ég ákvað námið fór ég og ræddi við námsráðgjafa á mínu svæði. Hann útskýrði valmöguleikana (Rvk og Akureyri), ég skoðaði heimasíður beggja staða og leist betur á Akureyri.
- Eldra systkini sem stundaði nám við skólann.
- Er Akureyringur og eins og allir Akureyringar þá veit ég um þennan skóla. Annars þá gekk systir mín líka í þennan skóla
- Ég bað um að fá sendar upplýsingar símleiðis og fékk þær 2 dögum seinna :)
- ég er borinn og barnfæddur akureyringur og hef alltaf vitað af háskólanum á akureyri það sem merkt var við að ofan á kannski frekar um upplýsingar um það hvaða nám var í boði, inntökuskilyrði, stúdentagarða og fleira í þeim dúr
- Ég leitað skólann uppi var að velta fyrir mér Sjávarútvegsbraut 1995 eða 7, Heyrði í skólastjórnendum, man eftir bæklingi sem ég fletti líka á þessum árum. sá reyndar að námið henntaðímér ekki á þeim tímapunkti. Kennaramenntunarnámið sá ég í kynningu hjá
- Ég vinn sem sjúkraliði og fékk upplýsingar frá nokkrum hjúkrunarfræðingum hvar væri best að fara í hjúkrunarnám. Þær mæltu með Háskólanum á Akureyri.
- Fjarnámsskynningu í Háskólasetri Vestfjarða
- Frá systur minni og systurdóttur sem eru báðar við fjarnám frá ha
- Frá systur minni líka
- Frá vinnufélögum
- Háskólakynningu æi RVK
- Hef alltaf vitað af HA, bjó á Akureyri.
- Hef alltaf vitað af tilvist HA.
- hef vitað af HA svo lengi sem ég man eftir mér.
- hjá systir minni sem stundar þar nám
- hjá systur
- Hjá vinnuveitanda
- Í gegnum Símenntun í Reykjanesbæ
- Konan mín útskrifaðist úr HA 2007 viðskiptafræði
- Leitaði mér sjálf uppýsinga
- Mákonu minni sem er í námi við HA
- Mér datt í hug að afla mér kennsluréttinda og þar sem ég vissi af HA þá fór ég að skoða heimasíðu Háskólans og reyna að fá upplýsingar þannig. Það gekk erfiðlega, mér finnst heimasíðan alls ekki nógu góð, a.m.k. fyrir þá sem mjög lítið vita og vantar gru
- Sá það á netinu eftir að ég var búinn að leita eftir háskólum og verði á reykjavíkursvæðinu.
- Systir
- Vinum , fjölskyldu, vinnufélögum, H.Í. vinnunni.

Hvers vegna hefur þú íhugað að hætta námi við HA?

- Aðeins ef til skyldi koma e-ð annað sem ég vildi frekar fara í
- Á erfitt með ensku, þar sem allt námsefni er á ensku auðveldar ekkert fyrir manni.. Efasemdir um námsval
- Bara vegna þess að ég er ekki héðan.
- Bjóst ekki við að þetta yrði algjört sjálfsnám, átti von á fyrirlestrum á neti og kannski fleiri verkefnum, ekki prófum.
- Ekki beint hætta, fara í skiptinám/nám til USA.
- Ekki viss um námið sem ég valdi
- er að pæla í að fara ut, sprella aðeins.
- Er í 70% starfi og get þar af leiðandi ekki tekið nægt nám til að það sé lánshæft, en hafði samt ekki efni á að missa 40 þús á mánuði í peningum úr atvinnuleysisbótum...
- Er í vinnu með fullu námi. Mikið álag
- Erfitt að samræma nám, fjölskyldu og vinnu.
- Erfitt að samræma vinnu, fjölskyldulíf og heimalærdóm. Það eru jú aðeins 24 tímar í sólarhring.
- Erfitt að venjast hraðanum, ætla samt að taka á því og byggja upp rétta taktinn.
- Ég er í fjárnámi og með fjölskyldu, mæting á fjarfundi hentar mér mjög illa, mér finnst að hægt væri að stunda fjárnám í ákveðni fjarlægð og þegar mér hentar sjálfri.
- ég er í fjárnámi og eftir á að hyggja held ég að það henti mér betur að vera í staðarnámi
- Finnst fögin á 1. ári ekki áhugaverð og flest ekki tengjast minni námsbraut.
- Finnst loturnar of langar og of margar
- Heimþrá
- Hugsar maður það ekki alltaf á einhverjum tímapunkti, ég fann alltaf einu hjá mér að þetta er náttúrulega miklu meira, erfiðara og meira sjálfsnám en var í framhaldsskóla, það er kannski bara spurningin um að þetta sjálfan sig og leggja hart að sér, vera j
- Langar að taka ársfrí frá skóla og fara til útlanda
- Lítil sem engin þátttaka nema í umræðu í tímum þó svo að kennara hvetji til þeirra og spyrji spurninga. Minnir mörgu leiti á efstu bekkun grunnskóla eða framhaldsskóla þar sem nemendur hrúgast aftast í kennslustofu, þó svo að kennari segi nemum að sitja fr
- Meiri áhugi á listaskóla
- Mér finnst allt of margir nemendur teknir inn, hef á tilfinningunni að inntökuskilyrði séu ekki næg. skipti t.d. um braut út af því eftir að hafa íhugað alvarlega að hætta í HA og fara annað.
- Mér finnst vanta meira námsframboð, t.d. vantar sárlega eitthvað fyrir tungumálafólk. Erfitt er að finna sig í félagskápnum, nauðsynlega vantar einhversskonar hópefli (Eða einfaldlega nýnemaferð eins og í öllum öðrum háskólum landsins).
- Mér finnst þetta leiðinlegt.
- mjög mikið og strembið nám, spurning hvort maður ýtir námi eða fjölskyldu til hliðar.
- Námið er ekki sniðið fyrir einstæðar mæður. Litli strákurinn minn er búin að vera rosalega mikið veikur og búin að vera í rannsóknnum vegna veikinda hann er 9 mánaða gamall núna. Öll skilaverkefni í öllum áföngum er á sama tíma það er alveg glatað og er ma
- Námið er erfitt.
- námið getur verið svolítið þungt, en er ekki að fara hætta.
- Ofuráhersa á próf! Próf eru ofmetin námsmatsaðferð. Leiðinlegt nám
- Símat hentar ekki í öllum áföngum
- Vegna einmannaleika í bekknum, alltof mikil klíka í gangi og erfitt að fá að vera með eins og t.d. í leshóp. Það er erfitt að vera "ein í tímum og fara svo heim að læra alein og fá ekki pepp og stuðning ef illa gengur.
- Vegna fjárhags. Hef ekki efni á að stunda nám og missa tekjur. Þarf að hugsa um fjölskylduna.

- Vegna peningaskorts
- Vegna þess að ég er ekki að finna mig í náminu. Mér finnst þetta allt of mikið námsefni svona fyrstu vikurnar (sem dæmi má nefna var ég að fara í mitt sjötta eða sjöunda próf í síðustu viku þegar sálfræðinemi sem ég þekki í HÍ í var að fara í sitt fyrsta
- Veit ekki hvað ég vil gera.
- Það er mikið álag og ég er að jafna mig eftir erfið veikindi, sem eykur álagið og pressan er mikil að standa sig.

Hver er helsti kostur HA?

- Að hann sé ódýr.
- að tímarnir séu teknir upp og settir á netið, það er fyrirkomulag sem hentar mér roooooosalega vel og ég nýti mér það mikið. og mér finnst mjög vel haldið utan um mann, maður er ekki týndur (það var mín upplifun í vma) og líka gott að finna virkt félagslíf
- Að það eru minni hópar saman, sem leiðir til samheldnari hópa, allavega í lögfræðinni. Ekki stórir hópar á stórum fyrirlesturum. Mér finnst líka frábært, eins og núna í áfanganum sem var að ljúka hjá okkur (SAG0173) að fá utanaðkomandi kennara til að kenna
- Allir kennararnir sem ég hef fengið eru krúttlegir og ég get ekki hugsað mér að missa af tímum hjá þeim.
- Allt starfsfólk og kennarar til fyrirmyndar. Manneskjulegt og hlýlegt viðmót og allir boðnir og búnir að hjálpa.
- allt starfsfólk skólans er til staðar og aðstoðar mann. Persónuleg þjónusta.
- Allt viðmót er frábært.
- Ekki allt of stór skóli, vinalagt umhverfi. Starfsfólk, kennarar tilbúnir að hjálpa ef eitthvað kemur uppá - leiðbeina.
- ekki alltof fjölmennur skóli svo námið verður persónulegra. skólinn er líka miðsvæðis svo fólk frá mörgum sveitafélögum getur verið þar við nám og jafnvel búíð heima á meðan. frábært að hafa fría líkamsræktaraðstöðu :)
- Ekki of stór skóli. Heldur öllum vel saman!
- Ekki of stór stofnun og virðist auðvelt að fá góða þjónustu / aðstoð. Góðir kennarar sem veita aðhald. Fjölbreytt nám, hef góða reynslu af þjónustunni sem er að vísu ekki mikil, er í fjarnámi.
- Ekki of stór, fjarnám til fyrirmyndar
- ekki of stór, samheldinn og auðvelt að kynnast fólki. allir vilja hjálpa.
- Engin skoðun
- Er í fjarnámi ,, , helsti kosturinn finnst mér frábært úrval af topp kennurum , allavega á hjúkrunarsviðinu :)
- Er í fjarnámi en mér finnst þjónustan góð og nauðsynlegt fyrir fjarnema að fá góða kynningu á nýnemaviku
- Er mjög mannlegur skóli, frjálst og gott andrúmsloft, það virðast ætla að mindast góð tengsl milli nemenda og kennara, skólinn virkar í alla staði góður skóli. Náin kennsla og þjónusta.
- Er niðri í Þórunarstræti og finnst mér sú aðstæða hvað varðar mótuneyti enginn og framboð þar í lakasta kannti gos og nammi aðal söluvara. en upp í sólborg er hún mjög góð
- Ég er mjög ánægð með þá kennslu og viðmót sem ég hef fengið.
- ég get stundað fjarnám frá heimabæ mínum og svo eru kennarar og starfsfólk skólans mjög liðlegt
- ég sé ekki enn búin að upplifa helstu kosti HA
- Félagaslífið
- Félagslíf og samheldni
- Félagslífið. Stæð skóans.
- Fjarnám
- Fjarnámið
- Fjarnámið
- Fjarnámið
- Fjarnámið
- Fjarnámið ágætlega sett upp.
- Fjarnámið er mikill kostur við Háskólann á Akureyri.
- Fjarnámið og hversu vel skólinn er búinn öllum þeim tækjum og þjónustu sem þörf er á.
- fjarnámið og persónulegur skóli

- Fjarnámið,
- Fjarnámið, þetta er mesta snilldin við HA að það er hægt að horfa á upptökurnar inná Blakkinum. Þetta hjálpar mér mjög mikið:)
- Fjarnámskennslan!
- Fólk sem nennir að kenna og stunda vinnu sína. Metnaður
- frábærir kennarar
- Frábærir kennari.
- Gott fjarnámsnet.
- gott kerfi fyrir fjarnema
- Góð aðstæða og andi
- góð kennsla, frábært að geta stundað fjarnám við þennan frábæra skóla. kennarar góðir, og aðrir kennarar framúrskarandi góðir. mjög ánægð.
- Góð samsetning kennara.
- Góð tenging við fjarnema
- Góðir fyrirlesarar og fyrirlestrar/námshæðir
- góðir kennarar og fyrirlestrar
- Góðir kennarar og kennsluskrá
- Góðir kennarar sem eru virkilega tilbúnir til að aðstoða nemendur við að læra námsefnið.
- Góður andi
- Góður og hlýr skóli í góðri uppbyggingu.
- Góður skóli, lítill, persónulegur, góð kennsla og gott félagslíf
- HA hefur hæfilega marga nemendur þar af leiðandi þekja kennarnir mann. Að auki er skólinn ekki svo fjarri minni heimabyggð.
- Hann er af þægilegri stærð og vel staðsettur, þ.e.a.s. þægilegt að vera í svona litlum bæ þar sem það er stutt í allt, en engu að síður mikil þjónusta, allt til alls og lítill umferð. Gott að komast til og frá skóla og allt meira persónulegt.
- Hann er á akureyri
- Hann er ekki á höfuðborgarsvæðinu.
- Hann er ekki of stór
- Háskóli fyrir landsbyggðina, er í mínum heimabæ. Þetta er skóli með persónulega kennslu, litlar bekkjardeildir og mér finnst það mjög gott.
- Hlýlegur og skemmtilegur skóli, ekkert mál að afla upplýsinga ef þeirra er þörf.
- hvað hann er lítill
- Hvað hann er persónulegur.
- Hve vel hann er sniðinn að þörfum þeirra sem velja fjarnám sem valkost.
- Hversu hjálplegir og vingjarnlegir starfsmenn skólans eru þegar ég hef leitað til þeirra. Upplýsingakerfi Stefaniú er mjög gott og hefur reynst mér vel. Nýnemavikan var mjög fróðleg. Gott að geta hlustað aftur á fyrirlestrana, ég hef nýtt mér það mikið. Þ
- hversu lítill skólinn er, meira persónulegur.. nálægt heimili..
- Hversu mannlegur skólinn er og kennararnir framúrskarandi. Svör fást fljótt við öllu og ekkert vandamál sem ekki er vilji fyrir að leysa
- Hversu persónulegt allt er, smáðin þjappar fólki saman, kennararnir eru allir mjög vingjarnlegir og boðnir og búnir til að aðstoða mann og góð vinnuaðstaða
- Hversu öflugt fjarnámið er.
- Hæfilegur fjöldi nemenda, persónulegt andrúmsloft, jákvæðir og skemmtilegir kennarar, fínt félagslíf og mjög fínt andrúmsloft í skólanum.
- hægt er að stunda fjarnám

- kennaradeildin er sér sem er gott að vissu leyti en við njótum samt ekki sömu þjónustu og þeir sem eru á Sólborg þ.e. við þurfum að fara á Sólborg í mótuneyti og bókasafn.
- Kennararnir flestir mjög góðir. Starfsfólk yfirleitt með bros á vör og tilbúið að gera allt fyrir mann :)
- kennararnir og kennslan. andrúmsloftið við skólann er líka mjög gott.
- Litlir hópar góð þjónusta
- Líst mjög vel á fjarnámið og kennarar mjög góðir.
- Lítill og hlýlegur skóli, fínustu kennarar, stutt frá heimilinu.
- Lítill og persónulegur Háskóli, auðvelt að nálgast upplýsingar og starfsmenn skólans.
- Lítill og persónulegur. Símat.
- Lítill skóli
- Lítill skóli með tiltölulega gott aðgengi að kennurum.
- lítill skóli og ekki of dýr
- lítill skóli, hnitmiðað nám
- Lítill skóli. Öðruvísi námsframboð.
- Lotunámið
- Manneskjulegt og persónulegt viðmót; áhersla á framþróun og metnaður í að gera betur. Frábærir kennarar og starfsfólk.
- Mér líður ekki eins og afgangsstærð þó ég sé fjarnemi. Fjarnemum er sinnt vel. Kostur að skólinn er líka ekki of stór. Þeir kennarar sem ég hef reynslu af hafa reynst mjög vel, svara ávallt tölvupósti og leggja sig fram við að vera liðlegir.
- Mikill metnaður kennara
- Mjög faglegur skóli
- Mjög góð móttaka á nýnemadögum. Þægilegt andrúmsloft í skólanum
- Mjög notalegur skóli og hinir fínustu kennarar. Góð staðsetning.
- Mötuneytið er frábært. Mjög þægilegt að geta hlustað á fyrirlestrana aftur.
- nalaegd vid kennara og godur andi.
- Nálægð við heimili, góð aðstaða í skólanum, þægilega fámennt
- nálægð við nemundur og kennara
- Námsframboð og fjarnámið.
- Námsúrvalið - sérhæfing. Gott að komast reglulega norður. Skólinn er vel metinn af öllum sem ég hef rætt við (vinir, samstarfsfólk, viðskiptavinir í orkugeiranum). Sæunn hefur veitt mér virkilega góða þjónustu (hjálpsöm og fljót að svara).
- Ódýrt nám og vel útfærð fjarkennsla, þó að sumt í fjarkennslu megi laga verulega.
- passlega lítill og persónulegur, góð aðstaða, góðir kennarar og gott aðgengi að þeim
- Passlega stór skóli og gott andrúmsloft
- Passlegur nemendafjöldi sem veldur því að öll samskipti verða mun persónulegri.
- Persónuegt og þægilegt viðmót gagnvart nemendum við skólann.
- Persónuegt og notalegt umhverfi metnaðarfull kennsla
- Persónuleg samskipti og komið vel til móts við fólk sem getur ekki verið á staðnum á fyrirlestrartímum.
- persónuleg þjónusta við nemendur, góð kennsla
- Persónulegri en margir aðrið
- Persónulegt andrúmsloft.
- Persónulegur
- persónulegur og hlýr, lítill og þægilegur...svona kósý lítill og sætur, mjög góð þjónusta þar, finnst allir vilja allt fyrir mann gera og bara virkilega gott umhverfi, enda tala allir mjög vel um háskólann á

Akureyri sem þar hafa verið, það var m.a ástæða

- Persónulegur og jákvætt viðmót starfsmanna
- Persónulegur skóli
- Persónulegur skóli og gott viðmót kennara.
- Persónulegur skóli, sökum stærðar og kennir námsefnið sem ég er í með áherslum sem mér líkar.
- Persónulegur skóli, vel tekið á móti manni, líður sem einstakling ekki sem kennitölu.
- Reynsla mín af HA er ekki ýkja mikil en öll sú reynsla sem ég hef er mjög jákvæð. Frábært viðmót og allir leggjast á eitt við að hjálpa manni. Helsti kostur við HA fyrir mitt leyti er fjarnámið og hvursu vel það er skipulagt. Frábært aðgengi á netinu, all
- Reynsla og gott skipulag.
- Símatkerfið.
- Skemmtilegt námsframboð sem aðrir háskólar bjóða ekki upp á
- skemmtilegt umhverfi og fáir nemendur, gott félagslíf
- Skóli fyrir fólk sem býr úti á landi
- Skólinn er ekki of stór, og býður uppá bæi staðarnám og fjarnám.
- Skólinn er hæfilega stór og námsframboðið gott. Mikill kostur að boðið sé upp á fjarnám.
- Skólinn er mjög persónulegur, þannig að upplifunin er sú að hver nemandi skipti máli.
- Skólinn er það lítil að allt verður miklu persónulegra
- smæð bekkjanna.
- Smæð skólans og framlag kennara til fyrirmyndar
- smæðin
- Smæðin og persónulegheitin. Góð aðstaða, góðir kennarar. Góð skipulagning. Æðislegt starfsólk á skrifstofu.
- Staðsetning
- Staðsetning
- Staðsetning og stærð
- Staðsetning, stærð skólans og námið.
- Staðsetningin
- staðsetningin
- Staðsetningin og smæð skólans, gott að vera nafn en ekki númer
- Staðsetningin og svo finnst mér námið mjög skemmtilegt
- staðsetningin, stærð á skóla...
- Staðsetningin.
- Staðsetningin.
- Staðsetning og stærð.
- staðsetning, stærð á skóla, námið sem ég er í.
- Starfsfólkið
- Starfsfólkið og samheldni í því fagi sem ég er í.
- Stærðin er að mínu mati helsti kosturinn. Ég er búinn að kynnast fullt af krökkum síðan ég byrjaði. Félagslífið er skemmtilegt. Persónuleg þjónusta. Kennarar þekkja mann með nafni.
- Stærðin og staðsetning
- Stærðin þe. smæðin", bekkurinn samanstendur ekki af fleiri hundruð manns heldur nokkrum tugum og þannig er auðvelt að kynnast samnemendum sínum. Erlendir kennarar, alþjóðlegt umhverfi, kennsla bæði á íslensku og ensku. Spennandi námsframboð.
- Stærðin, hæfilega mikið af nemendum. Manni líður ekki eins og maður sé í eitthverri stofnun og sé bara hlutur í henni. Heldur er þetta minna og þægilegra viðmót sem maður fær t.d. þegar maður

leitar sér aðstoðar við eitthvað tengt skólanum.

- Stærðin. Auðvelt að kynnast kennurum og hinum nemendum vel.
- Stærðin. Þú ert ekki bara kennitala eins og í HÍ
- tengsl kennara við nemendur. betra að vera í minni hópum og geta átt eðlileg samskipti, heldur en að sitja í risastórum sal og hlusta á kennara sem þú talar svo kannski aldrei við á önninni!
- verandi frá akureyri finnst mér þægilegt að sjá mörg kunnugleg andlit í skólanum
- Vinarlegur líttill skóli. starfsfólkið persónulegt og viðmótsgott
- Vinsemdin, stærð skólans og viðhorfið
- Virðing fyrir nemendum, jákvætt andrúmsloft og auðvitað Sigurður Bjarklind, framúrskarandi kennari.
- Það að skólinn er hæfilega stór og svo finnst mér símatið vera mikill kostur.
- Það allt mikið mannlara þar, ekki eitthvað númer eins og í HÍ
- Það eru námsbrautir sem eru öðruvísi, allt er svo heimilislegt sem er mjög notalegt.
- Þar sem ég er nýbyjuð get ég lítið sagt um kostina en kennararnir sem ég hef eru kannski helsti kosturinn hingað til.
- Þeir valkostir sem eru í boði í fjarnámi fengu mig í skólann.
- Þið bjóðið upp á góða fjarkennslu,
- Þjónustan er frábært, kennsla góð og skipulögð, viðmót kennara og annarra starfsmanna er frábært gagnvart nemendum, skólinn er bara eins og annað heimili - bara kósý!
- Þægileg stærð, hér er enginn pínulíttill fiskur í stórri tjörn. Allir hafa eitthvað að segja. Námið er fjölbreytt og hnitmiðað í senn.
- Þægilegt umhverfi, miklu meiri nánd við kennara og nemendur innan skólans.
- Þæginlega líttill skóli með hnitmiðuðu námi og góðu félagslífi
- Þæginlegur og persónulegur skóli, þar sem bekkir eru tiltölulega litlir og þú týnist ekki í fjöldanum.

Hver er helsti ókostur HA?

- 1. önnin í mínu námi er of efnismikil, það er ekki hægt að komast yfir námsefnið sem maður vill - er bara hreint og beint ekki nægur tími til.
- 70% mætting og lotur of langar
- Að gera þyrfti að skildu kennara (það sé ekki í þeirra valdi hvort þeir taki upp eða ekki) að taka upp tíma þegar fjarnám er annars staðar því verið er að bjóða upp á þessa þjónustu. Fólk velur fjarnám vegna fjarlægðar og hefur kannski ekki tók á að mæta í
- Að hann skuli vera á Akueyri :P
- Að kennsla fari ekki öll fram í sama húsnæði. Ef kennsla á að halda áfram næstu misseri í Þingvallastræti þarf að laga aðstöðu nemenda þar, mötuneytismál og lesstofu.
- Að skilda ekki kennara til að taka upp tímana í fjarnáminu, því við sem komast ekki í tíma reglulega eða vegna búsetu treysta á að tímarnir séu teknir upp. Það á að vera metnaður kennara að nemandi fái allar þær upplýsingar um það fag sem hann er að taka
- Að skólinn skuli ekki vera í Reykjavík, en annars er ekkert að.
- Að verkefnaskil séu alltaf þau sömu í áföngunum sem við erum í það er ekkert verið að hugsa um nemendurnar heldur hugsa kennararnir bara um eigin hag og hvað sé þeim fyrir bestu.
- Að það er ekki skylda að taka upp fjarfundi, sem þýðir lakari þjónusta við fjarnema. Við eru jú mörg að keyra langar leiðir á fjarfund og enn sem komið er er ekki hægt að sitja fjarfundi heima í stofu, þannig að ef ég kemst ekki til Keflavíkur frá Rvk þá
- að það sé ekki allt kennt á sama stað, kennaradeilin virðist verða dálítið útundan.
- Að það sé ekki búið að fast setja stofur fyrir hverja tíma (á ekki við í mínu tilfelli en ég þekki marga sem eru að lenda í þessu)
- Að öll starfsemin er ekki undir sama þaki. Vonandi verður bót á því á næsta ári.
- Aðbúnaður mætti vera betri (t.d. slappar tölvur, nettenging óstöðug, mættuð selja ritföng). Ath. þó að þetta eru að mínu mati smávægilegir gallar.
- Allt of margir nýnema teknir inn og allt of margir sem ekki hafa nógu góðan grunn úr framhaldsskóla.
- Á kynningu fyrir meistaranema skortir upplýsingaveitu fyrir nýnema. Hugsanlega gleymdist að fara betur í gegnum hlutina.
- bílastæði
- bílastæðin
- Blakkur er ekki alveg besta forritið en það ágætt, annað er það ekki
- Borð heldur lítil í sumum kennslustofum.
- Borðin eru svo mjó í kennslustofunum að það er varla hægt að læra við þau..!!
- Dettur ekkert í hug.
- Dýr kaffibollinn
- Ef ekki upplifað neina ennþá
- einangrun kennaranema vegna húsakynna
- Eini ókosturinn sem ég sé er frekar lítil aðstaða fyrir nemendur á Borgum. Við höfum ekki tíma til að hlaupa yfir á Sólborg til að kaupa okkur eitthvað smá í gogginn í pásunum.
- ekkert sem ég get sett út á að sinni
- ekkert sem kemur í hugann. Nema kannski að mötuneytið er það dýrt að maður velur frekar að ganga langar vegalengdir eitthvert annað til að borða.
- ekkert sem mer dettur i hug
- Ekki ánægð með upplýsingakerfið, t.d. heimasíðu skólans. Þegar ég var að fyrst að skoða nám við skólann þá var erfitt að finna fleiri upplýsingar um námskeiðin t.d.. Finnst enn í dag að þurfi að bæta síðuna og gera hana aðgengilegri, oft er erfitt að finn
- Ekki komin reynsla á það ennþá.
- Ekki möguleiki á að nema eitt einasta tungumál...lærdómur fyrstu vikunar yfirþyrmandi á tímapunktur.

- Engin skoðun
- Enginn
- enginn sérstakur
- engir ennþá allavega.
- engir sérstakir eins og er
- Er bara nokkuð sátt
- Ég er í fjarnámi og finnst loturnar hafa verið of oft þetta misserið. Einnig er mikið stress í kringum þær. Ég kemst t.d. ekki af stað norður fyrr en eftir kl. 16:30 því ég er í tíma þangað til hér á mínu heimasvæði. Svo þarf ég að mæta í tíma daginn eft
- Ég er í fjarnámi og það hefur annmarka. Aðallega tæknilega.
- Ég hef lítið sem ekkert til að setja út á skólann en auðvitað er alltaf eitthvað sem má betur fara með tíð og tíma. Það er mjög þröngt í skólastofunni og nánast ómögulegt að koma sér fyrir með öll þau námsgöng sem eru nauðsynleg hverjum tíma. Tölvukerf
- Ég sé í sjálfu sér engan ókost.
- Feimni
- Finnst ekkert út HA að setja enda lítið sem ekkert verið upp í sólborg og get því lítið dæmt um það annars er ég bara mjög ánægð með mest allt nema fraboð á næringu í Þórunarstrætinu
- Finnst netsvæðið þ.e. mín síða alls ekki nógu notendavæn. Að þurfa að leita á bæði blakk og moodle að verkefnum og svo eru tilkynningar hér og póstar frá kennurum hér og þar. Finnst einnig loturnar ekki nægilega vel nýttar, 2 tímar í matarhlé alveg óþar
- Finnst oft mjög leiðinlegt hvað fer oft langur tími í að laga tölvukerfið í tímunum, vegna þess að upptakan virkar ekki, snertipenninn o.fl.
- Fjarfundarbúnaðurinn þarf að vera í lagi, og kennarar þurfa að kunna á hann.
- fjarlægðin frá Rvk ;)
- Fjarlægðin. Ég er ekki búsett á Akureyri.
- Frekar lítið námsframboð
- Fyrir okkur sem eru í fjarnámi og komum ekki í tíma, þá klicka upptökurnar allt of oft, margir kennarar kunna ekkert á þetta, það er lármark að kunna á það sem að maður er að vinna við, allavegana að leggja sig fram við að læra á það
- Fyrirlestrarnir á félagsvísindatorginu eru margir hverjir óáhugaverðir og tengjast náminu lítið. Mætti koma inn á áhugaverðari efni.
- Fyrst þegar ég byrjaði var frekar flókið að rata um húsnæði skólans
- HA er á Akureyri og ég á ekki heima þar ;p
- hef ekki enn rekist á ókost
- Hef ekki fundið hann.
- Hef ekki fundið neina ókosti, kannki eina helst að hafa klásus í Hjúkrunarfræði...en það er auðvitað ekki á valdi skólans.
- Hef ekki fundið neinn sérstakan ennþá.....
- Hef ekki kynnst neinum ókostum
- Hef ennþá ekkert út á skólann að setja
- Hefði viljað læra fjarnámið eftir lotukerfi, þar sem mér hefur fundist það henta mér einkar vel.
- Hlaup milli kennslustofa, en það stendur víst til bóta..
- Húsnæðið kalt
- Hvað hann er langt frá Ísafirði
- Hvað hann er langt í burtu frá mér
- Hvað það er lítið um verkefni og mikið lagt upp úr fyrirlestrum.
- Hversu oft fjarnemar þurfa að mæta í skólann.

- Í mínu tilfelli er námið mjög erfitt og erfitt að hafa undan
- kaffið er alltof dýrt
- Kaldar skólastofur og of lítið anddyri (sem stendur væntanlega til bóta með nýbyggingu)
- kannski ekki beint ókostur háskólans, en ég væri flutt norður ef það væri ekki svona dýrt að leigja þar, bý nú á stúdentagörðum í reykjanesbæ og það er mun ódýrara en fyrir norðan.
- kannski smá pláss skortur.. en það stendur nú til bóta.
- kennarar mættu kynna sér tölvu og fjarfundarbúnað betur svo ekki fari kennslutími í að koma fjarfundum af stað.
- Kenslan fer ekki öll fram á sama stað.
- Keyrsla á námi. Verkefna vinna full mikil fyrir engann ávining nema ef prófum er náð. Og hefði viljað sjá einhverja áfanga í lotunámi..
- Langt frá heimahögum...
- Langt frá Reykjavík;) Kannski mætti reyna að hafa meira næði inná bókasafni, of mikill háfaði í prentvél oft, en annars allt annað mjög gott.
- langt í burtu frá mínum heimkynnum
- lélegir kennarar
- Lélegt netsamband í kennslustofum.
- litlir hópar fáir samnemar
- Lítil aðstaða fyrir líkamsrækt. Vantar meira félagslíf, eitthvað annað en tilboð á café Amor!
- magn prófa
- má bæta við fleiri nemendum, svo allir geti verið með.
- Mér finnst 1 ár félagsvísinda deildar alltof sameiginlegt. Það er bara verið að skella okkur í 5 gerðir af sögu og er 1 árið því algjör vonbrigði þegar það kemur að náminu.
- mér finnst lítið pláss í stofunum og mér finnst þrengt að mér, og ég skil að auðvitað getur tæknin alltaf klikkað og kannski lítið við því að gera, en það er mjög slæmt þegar vantar hljóð á upptökur, það mætti kannski líka fjölga snyrtingum
- Mikið nám á stuttum tíma.
- Mikill tími sem fer í tölvumál og fjarfundabúnað í hverjum tíma. Mjög algengt að eitthvað virki ekki. Kennarar hafa ekki nægilega kunnáttu á búnaðnum og oft fer mikill tími í að fá aðstoð frá gangnasmiðjunni. Hélt í fyrstu að þetta væri byrjunarvandamál
- Mjög fáir ókostir en framkvæmdir við skólann og hvernig staðan er á þeim finnst mér gefa skólanum leiðinlegan svip. Einnig má nefna að samgöngur eins og strætisvagnar eru á leiðinlegum tíma til þess að geta verið mættir á réttum tíma í skólann ef mæta á
- negin mötuneytisaðstaða eða prentunaraðstaða á Borgum.
- Of dýrt mötuneyti, ég hef ekki efni á að kaupa mér mat þar.
- Of hratt byrjað
- Of lítill (skólinn sjálfur), pirrandi að þurfa að tjékka með stundaskrá fyrir hvern dag til að ath hvar tíminn er kenndur.. :)
- Of margir dagar sem nemendur í fjarnámi þurfa að fara til akureyrar. Ég fór í fjarnám þar sem ég get ekki séð af svo miklum tíma að heiman
- Of mikið af hópaverkefnum á 1. önn viðskiptafræðinnar.
- Of mikið af kerfum í gangi, blackboard, moodle, stefanía og hlaðan.. Betra að hafa þetta allt á sama stað.
- Ofuráhersla á próf, kuldalegt og leiðinlegt húsnæði. Félagslífið snýst um áfengi, ekki heillandi fyrir þá sem drekka ekki.
- Ósveigjanleiki.
- Sé enga ókost bara kosti
- Skipulag á ferðum til Akureyrar fyrir fjarnema. Finnst algjör óþarfi að koma sér ferð til Akureyrar til að kynna 1 verkefni. Allt of mikill kostnaður við það. Þó að ég sé bara í 3 fögum.

- Skortur á skipulagi milli um skil á verkefnum og próftímum, skrarast of oft.
- Skólastofurnar eru of þröngar.
- skólinn hefur hávaðasamasta bókasafn sem starfrækt er á Íslandi, bæði af völdum nema og starfsfólks aðalega starfsfólks, eiginlega til háborinar skammar. :) en afar hjálpsamar samt sem áður.
- smæðin
- Staðnemar þurfa að taka fullmikið tillit til fjarnema. Td. þegar heilu kennslustundirnar fara í að laga tölvukerfið og kennarar mega aldrei teikna neitt uppá töflu.
- Staðsetning, er í fjarnámi hefði viljað vera í staðnámi.
- Stólarnir mættu vera mýkri fyrir viku setu. Loturnar eru allt of langar því þetta kostar fjarveru að heiman í 6 daga og í þessum mánuði lenda tvær lotur, ég hefði viljað fá fyrirlestrana í fjarfundi eða sem hljóðglærur og vera dreifðari/jafnari. mæta ja
- stundataflan sem er alltaf að breytast...
- stærð borða, nær ómögulegt að komast fyrir með meira en tölvu. En í því námi sem ég er í þarf tölvu, bók og jafnvel stílabók eða útprentað efni! En vegna fjölda nemenda er ekki 2 rými á hvern nemanda. Borðin eru óþarflega mjó.
- stærð skólastofa
- Tæknimálin eru ekki í samræmi við ártalið.
- tölvumálin, upptökur að klicka, pennarnir að virka ekki
- Vantar betri stóla inn í sumar skólastofunar sérstaklega L201!
- Vantar meiri fjölbreytni fyrir fjarnema sem eru búsettir á Akureyri. Þar að segja meira námsúrval. Fjarnemar hafa bara aðgang að viðskiptabraut.
- varð fyrir miklum vonbrigðum með HA. Sérstaklega hvernig staðið er að fjarnáminu. Mér finnst að HA ætti aðeins að nýta sér tæknina betur, og mér finnst ég alltof bundin yfir tíma í fjarnáminu, fæ ekki að stjórna mínum tíma vel.
- Veit ekki um neinn.
- Það er lítið sem ég get kvartað yfir.
- Það er það að geta ekki fengið metið sem val fögin sem ég tók í HÍ. Þið vilduð ekki meta þessar einingar þar sem ég tók þessi fög í annarri deild en viðskiptafræðideild. HA er eini skólinn sem metur ekki á milli deilda og þarf ég trúlega að endurtaka sum
- Það hvað margir hjúkrunarfræðinema komast ekki áfram vorönn 2010
- Þar sem ég er í fjarnámi sé ég aðeins 1 ókost, staðsetningin sem ég er í tímum á, þá á ég við stofan sem ég stunda mitt nám í er bókasafn í grunnskólanum sem er opið krökkum í skólanum á staðnum og það getur verið truflandi. Finnst að skólinn þurfi að sk
- þar sem ég er í fjarnámi, get ég ekki sagt mikið, stundum ókostur hvað tölvukerfið og upptökur eru að "klicka" en sem betur fer er það sjaldan.
- Þjónusta tölvudeildar mætti spýta betur í lófanna þegar leitað er til þeirra. Þurfti að hringja fjórum sinnum til að virkja VPN aðgang. kannski bara erfið vika hjá þeim út af álagi en þegar ég hringdi í síðasta sinn til að athuga stöðuna þá kom á daginn
- Þráðlausa internetið
- því miður finnst mér alveg út í hött hvernig staðið er að fjarfundabúnaði skólans, HA er skóli í mikilli uppbyggingu og býður upp á gott fjanám en það kemur soldið mikið niður á staðarnemum. Tími sem á td að byrja kl 8.10 er aldrei byrjaður fyrr en að ve
- öngvinn

Hvers vegna tókstu ekki þátt í nýnema viku HA?

- Bróðir minn var að skýra sömu helgi svo ég fór austur á land
- Bý á Húsavík og á þar mann og 4 börn, keyri síðan á milli daglega og finnst því að ég hafi nóg annað við tímann að gera en að taka þátt í svona dagskrá.
- Bý í Rvk
- Ekki á landinu
- Ekki á staðnum
- Ekki á svæðinu .. í lotunámi
- Er í lotunámi og var ekki á Akureyri
- Er í lotunámi og var því ekki á svæðinu þegar nýnemadagar voru í gangi.
- Er í mastersnámi - hentaði ekki.
- Ég er í lotunámi og nýnemadagarnir voru í vikunni á undan. Var svon einn nýnemadagur hjá okkur en aðallega til að kynna ýmislegt nauðsynlegt innan skólans, hvert ætti að leita og s.frv.
- Ég komst ekki frá vegna vinnu.
- ég komst ekki vegna flutninga
- Ég var ekki á landinu
- Ég var stödd erlendis.
- Fékk ekki gistingu á nýnemadögum.
- fjölskylduhagir buðu ekki upp á það!
- gerði mér ekki ferð norður
- Held að nýnemadagar hafi verið búin þegar ég mætti á lotu
- Komst ekki
- Komst ekki
- komst ekki
- Komst ekki
- komst ekki á Akureyri
- Komst ekki norður á þeim tíma vegna vinnu.
- Komst ekki.
- Kynnti mér ekki dagskrána, þannig að ég vissi ekki hvað var í boði.
- Of langt að fara
- of langt að fara, bý í vestmannaeyjum og hefði verið of dýrt.
- Tímaskortur
- Tímndi ekki að sleppa 2 heilum vinnudögum, til aðhlusta á fyrirlestra sem voru teknir upp og ég gat hlustað á á netinu.
- Undirbúningur náms, bókakaup og lestur. Akureyri og nágrenni vel skoðað.
- V/vinnu
- Var á höfuðborgarsvæðinu.
- Var búin að bóka tímann í annað.
- Var ekki að svæðinu
- Var ekki á landinu.
- Var ekki á staðnum.
- var ekki með barnapössun
- Var erlendis
- Var staddur erlendis vegna sérstakra aðstæðna.

- Var veik
- Var veikur
- Vegna vinnu
- Vegna þess að ég vildi frekar eyða tímanum á Akureyri með fjölskyldunni
- Veik
- Þessir dagar virðast hafa farið framhjá þeim sem eru í lotunámi.
- Þurfti að vinna
- Því ég þurfti að fara aftur í bæinn;)

Af hverju leitaðir þú ekki eftir upplýsingum um nýnemaviku á heimasíðu

Háskólans?

- Af því ég hafði ekki áhuga á að gera eitthvað.
- bara var allt skýrt og okkur var bara sagt frá þessu öllu á nýnemadögum
- bý á Fáskrúðsfirði og er með fjölskyldu, dríf mig heim að loknum lotunum, það tekur mig 4 tíma að aka m.v. bestu skilyrði.
- eins og áður, var ekki á svæðinu ...
- ekki áhugi
- ég átti ekki að mæta í skólann fyrr en 27. ágúst á fimmtudegi en nýnemadagarnir byrjuðu í raun á þriðjudegi eða miðvikudegi, þar með talið grillið. Þar að leiðandi vissi ég ekki af þessu, fyrr en of seint og var ekki viss um hvort þetta væri fyrir alla ne
- Ég gat því miður ekki leift mér að fara vegna þess að það hefði orðið of dýrt og of mikið vesen að koma börnum í pössun.
- Fékk nægar upplýsingar í skólanum í auglýsinga-formi
- Gerði mér ekki grein fyrir að slíkt væri til staðar
- hafði svo mikið að gera.
- Hafði ekki áhuga
- hafði ekki áhuga.
- Hafði ekki áhuga.
- hafði ekki hugmynd um þessa nýnemaviku
- Hafði engar spurningar.
- Hefði kannski leitað ef ég hefði frétt af henni.
- Hefðu mátt vera meiri upplýsingar. Ég hefði reynt meira að komast ef ég hefði vitað hvað það hefði breytt upphafi námsins hjá mér mikið að vera alveg með á nótunum frá upphafi
- Hentaði ekki
- hugsaði bara ekki út í það.
- Hugsaði ekki út í það
- Jahh ég þurfti þess ekki því ég fékk allar upplýsingar sendar heim, bæði með pósti og tölvupósti og þær skildust fullkomlega. En það getur vel verið að ég hafi líka fylgst með á heimasíðunni. Mæli sérstaklega með Ingibjörgu Smáradóttur - hún hefur 100% þ
- Kom allt skýrt fram í viðeigandi kynningum.
- Komst ekki vegna veikinda.
- mætti ekki
- Námið var byrjað á fullri keyrslu, ekki tími í annað.
- Nei sá bara auglýsingar í skólanum
- Upplýsingar á stundaskrá og vikan mín stangaðist á þannig að það vakti upp óöryggi.
- Var ekki á Akureyri.
- var ekki á staðnum
- var ekki kominn með internet.
- Var með hugann við annað.
- Vissi bara ekki af henni
- Þetta var allt útskýrt í bréfinu sem við fengum og svo aftur þegar við komum í skólann.
- Því ég vissi að hún hefði verið í vikunni á undan

Hvað má betur fara í dagskrá nýnemaviku?

- að staðarnemar gefi eftir stofu með kennara eins og þau voru beðin um
- Allt gott bara
- allt vel skipulagt
- Betra skipulag á því hvar hver nemandi á að vera, þ.e. í hvaða stofu og kl. hvað
- Betri kynning á húsnæði skólans
- Betri kynning á námi, og námsfögum.
- Dagskráin var bara mjög fín og var mjög góð í að starta náminu;) er nefnilega í fjarnámi
- Dagskráin má vera þéttari, þetta á kannski sérstaklega um fyrir fjarnema þar sem þeir eru oft að koma langt að og því væri gott að nýnemadagarnir tækju sem fæsta daga
- Dreifa þessu meira. Þetta var allt of mikið upplýsingaflæði á of skömmum tíma. Það hefði verið miklu nær að dreifa kynninunum yfir 2-3 vikur.
- Ekkert
- Ekkert mér fannst hún ágæt.
- Ekki alveg svona mikil dagskrá í kynningunum. á tímabil vissi maður ekkert í hvaða stofu maður áttu að vera eða hvenær. Reyndar hélt skrifstofustjórinn vel utan um hópana, hjálpaði manni og leiðbeindi öllum. En þetta var aðeins of mikið á fyrsta degi í
- Ekki hafa allt í lausu lofti eins og mér fannst þetta oft vera!
- ég veit ekki hvort það var vegna þess að ég tók ekki nógu vel eftir eða hvað, en ég var í dálitlum vandræðum með að nota prentara og ljósritunar vél í fyrsta skipti en annars dettur mér ekkert í hug, fannst þetta alveg frábært og leið strax vel í skólanum
- ég vildi sjá meira hópefli innan deilda.
- fannst ekki pláss fyrir alla nemendur í kynningum og einnig var kynning á tölvukerfi og blakk út í hróa hefði alveg viljað nýta tíman minn í eitthvað annað en í það sem hann fór!
- Fara ekki of hratt í hlutina, ekki demba öllum upplýsingum á nemendur því það situr ekki mjög mikið af því eftir í lok dagsins
- Fór mikill tími í að kynna skólan og aðstöðu, sem fjarnema koma lítið til með að nýta sér alla vega á fyrstu önninni.
- frekar kjánalegt að hafa grillið á undan nýnema deginum ég til dæmis vissi ekki af því og maður kemur sennilega síður ef maður þekkir engan og er ekki búin að hitta fólkið sem er með manni í skólanum. sem gerðist á fimmtudeginum en grillið var á föstudegi
- FSHA og Reki má kynna sig betur. Ég vissi ekki af dagskranni þeirra fyrr en ég var komin til akureyrar og þá var of seint fyrir mig að mæta á mikið af dagskranni.
- Fyrir fjarnemendur, tala minna um skólan sjálfan (t.d. brunaútgönguleiðir og flokkun rusls) og tala meira um tölvunotkunina.
- gefa meiri tíma í tölvukerfið og einng að kenna á MOODLE það var ekkert kynnt fyrir manni og það er aðalega notast við það á kennaradeildinni, allvegana á fyrsta ári og svo hefði mátt fara betur í að kynna þignvallastrætið fyrir okkur.
- Grillið
- Hefðum ekki þurft kennslu á blakk þar sem hann er ekki notaður. Fannst óþarfi að fara á kynningu á húsnæði, þar sem ég er fjarnemi.
- Hitta eldri nemendur í sömu deild
- koma inn í tíma og kynda upp í liðinu :) ég tók ekki ienu sinni eftir þá það væri upplýsingasíða nýnema viku á vefnum, en það er kannski bara ég.
- koma skilaboðum áleiðis á þá hópa sem byrja ekki í skólanum strax. t.d. eins og með grillið, það fór held ég fram hjá flestum nemendum á Auðlindadeild því þau voru ekki byrjuð í skólanum.
- man ekki eftir neinu sérstöku...
- má reyna að þjappa deildunum saman betur, nafnaleikir? ekki kjósa ókunnuga í nemendaráðið
- Má setja fyrr inn dagskrána sem fsha er með svo hægt sé að skipuleggja sig samkvæmt henni.
- meira hópefli

- Meira hópefli í dagskrá skólans en ekki bara á vegum FSHA
- Mér fannst dagarnir einkennast svolítið af skipulagsleysi. Kom mér fyrir sjónir sem ekki nógu professional.
- Mér finnst að það hefði mátt fara með okkur um húsnæðið í minni hópum og kenna okkur á að komast inn í bygginguna og bara sýna okkur. Einnig fannst mér ekki þurfa að segja okkur nöfnin á öllum þeim sem starfa í skólanum heldur bara sýna okkur hvar þá e
- mér þætti gaman að sjá einhverskonar dagskrá sem þjappaði hópnum betur saman, þar sem þetta er skóli af lítilli stærðargráðu væri gaman að kynna fólkinu sem maður er með í bekk betur. Mér fannst t.d. dagskráin hjá nemendafélögunum ekki nógu góð.
- Minnka fjölda tímanna, væri hægt að koma þessu fyrir á mun styttri tíma!
- Muna eftir matarhléi, umhverfis og orku línan fékk stutta pásu í mat vegna kynningarferðar um húsnæðið, sem fór fram í matartíma.
- Mætti fara betur í kynningu á húsnæði. Hvar er hvar og nöfnin á húsnum.
- Mætti hafa dagskrána hnitmiðaðri fyrir fjarnema þar sem erfitt er að missa mikið úr vinnu. Sérstaklega nú á dögum. sum okkar eru að reyna að mennta sig en hafa lítinn tíma fyrir skipulagða dagskrá á virkum dögum.
- Mætti kannski hrista betur saman þá sem eru í sama námi, sérstaklega fjarnema
- Mætti þetta dagskrána betur saman.
- Skil ekki af hverju kennaranemar þurfa að heyra allt um bílastæði á Sólborg og húsnæðin á Sólborg þar sem við erum hér í Þingvallastrætinu.
- Stundaskráin getur verið flókin og síbreytileg.
- Sýna húsnæði skólans ekki bara hluta af því.
- Vegna mikillar aðsóknar í hjúkrun, þá vorum við of mörg og inn í sömu stofu með 3 starfsmenn og allir að reyna að fá hjálp. Hefði viljað hafa færri hópa og betri tíma.
- veit ekki
- veit ekki
- Það hefði mátt fara eitthvað aðeins í námsefnið á þessum dögum. Þeir fjarnemar sem höfðu fyrir því að koma norður fannst þetta svolítið til einskis.
- Það vantar að hafa einn kennslutíma fyrir fjarnema með kennara , ekki stutta námsefniskynningu
- Það var eitt lítið klúður varðandi námskeiðið í Blakki. Við í kennaradeildinni notum það ekki á þessari önn - bara moodle og stefaníu. Það ruglaði mann aðeins í byrjun en ekkert til að hafa áhyggjur af.
- Það væri hægt að flokka niður nemendur niður eftir því hvort þeir eru staðnemar eða fjarnemar. Því staðnemarnir og fjarnemarnir nálgast skólann á svo ólíkan hátt.
- Þegar maður er svona alveg nýr þá veit maður ekkert um neitt, það mætti vera fleira fólk á göngunum sem maður gæti spurt, hvar stofan manns er, hvar maður á að vera næst, hvað er um að vera.. Annars fannst mér mjög vel staðið að hlutum þegar ég var kominn
- Þetta eru of miklar upplýsingar um mikilvæg mál á alltof stuttum tíma ég náði ekki að koma öllu inn af upplýsingunum og fræðslunni. Var mjög ringluð og þetta var svaka mikið álag, stress!
- Þetta má ganga hraðar fyrir sig og láta vita að t.d. það sem er gert í kynningu á blakki að það sé WebCT og þeir sum kunna á það þurfi ekki að mæta mér fannst Tölvukynningin alveg út í hött fyrir mig þar sem ég kunni allt sem var talað um.
- Þetta tók alltof langan tíma, fyrir okkur sem erum í fjarnámi, við komum allsatar af á landinu, frá fjölskyldu og börnum og okkur fannst mikill tími í að hangsa bara, það var bara skóli hálfan daginn, mér finnst að eigi að vera skóli allan daginn, þá er h
- Þetta virtist bara fara allt mjög vel fram og hef ég því ekert út á það að segja